

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Flóahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Hófgerði.*

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Hófgerðis. Breytingin tekur til skilmála Hófgerðis 2 þar sem byggingarheimildir verða auknar úr 120 fm íbúðarhúsi á einni hæð í 250 fm íbúðarhúsi á 1-2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Hámarksænishæð innan reitsins verði aukin úr 5 m í 8,5 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. apríl 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. apríl 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**